

## Frábært fjárlagafrumvarp

15. september 2014

Fjármálaráðherra lagði fram frábært fjárlagafrumvarp í síðustu viku. Frumvarpið minnir á Stóra Hvell.

Meira eða minna öll vörugjöld – 800 talsins verða aflögð. Löggjöf um virðisaukaskatt verður öll einfölduð og almenni skattflokkurinn fer úr 25,5% í 24%.

Meira eða minna öll vörugjöld – 800 samtals – verða lögð niður. Virðisaukaskatts reglur verða einfaldaðar og verða gjaldareglurnar loks í takt við tuttugustu og fyrstu öldina.

Frumvarpið hefur verið gagnrýnt nokkuð þar sem virðisaukaskattþrepvegna matvæla hækkar úr 7% í 14%. Óttast menn að sú breyting kunni að hafa áhrif á efnaminni fjölskyldur. Það er sérstakt verkefni að tryggja áhrif breytinganna hafi ekki neikvæð áhrif hag þeirra heldur bæti hag.

Þótt undarlegt megir virðast er gamli vörugjaldafrumskógurinn svo þykkur að gagnrýnendum virðist illa hafa tekist að sjá hann fyrir trjánum. Með útreikningum er nefnilega afar auðvelt að færa rök fyrir því að heildaráhrifin af þessum breytingum á flestar efnaminni fjölskyldur valda lækkun útgjalda.

Skv. tölum frá Eurostat býr Ísland við skelfilega verðlagningu samanborið við önnur lönd á evrópska efnahagssvæðinu. Þannig eru föt og skór 37% dýrari en að meðaltali og raftæki 41% dýrari. Matur er 20% dýrari. Að miklu leyti ræðst þetta af fornfálegu kerfi vörugjalda og skatta.

Efnameiri Íslendingar fara utan í verslunarferðir til þess að kaupa ódýrari vörur og losna þannig undan þessum álögum. Þetta er ekki í boði fyrir efnaminni fjölskyldur og dregur úr efnahagslegum þrótti þeirra.

Kerfið dregur einnig þróttinn úr verslun og iðnaði í landinu sem býr við ósanngjörn samkeppnisskilyrði. Nýja frumvarpið mun léttu þessum álögum að verulegu leyti. Verslunarvara mun fást hér á svipuðu verði og annars staðar. Frumvarpið mun örva hagvöxt og minnka atvinnuleysi.

Í umræðunni um fjárlagafrumvarpið á síðustu dögum hefur lítið verið rætt um þau miklu áhrif vörugjöld hafa á vöruverð. En vörugjald er gjald sem leggst á gjaldskyldar vörur við innflutning eða innanlandsframleiðslu og skiptist í magn- og verðgjald eða sykur- og/eða sætuefnagjald. Þau 800 tolla númer sem borið hafa vörugjald undanfarna áratugi samanstanda af fimm vöruflokkum

- A. Sykruð matvæli: krónur á kíló, mishátt eftir sykurrinnihaldi.
- B. Sykraðar drykkjarvörur, þó ekki áfengar og ávaxtasafar: krónur á lítra, mishátt.
- C. Byggingarvörur, bílavörur o.fl.: 15% á cif-verð eða framleiðsluverð.
- D. Stærri heimilistæki (ísskápar, þvottavélar o.fl.): 20% á cif-verð eða framleiðsluverð.
- E. Önnur raftæki (sjónvörp, hljómflytningstæki): 25% á cif-verð eða framleiðsluverð.

Áhrif niðurfellingar vörugjalda á þessar vörur er mismunandi en samkvæmt fjárlagafrumvarpinu getur lækkun verið á bilinu 14% upp í tæp 23%. Áhrif á byggingarkostnað verða veruleg þar sem byggingarvörur hafa borið 15% gjald og ekki síður áhrif vegna heimilistækja sem hafa borið 20% gjald.

# Arev

Ekki má vanmeta þau áhrif af brottnámi vörugjalda á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja sem þurft hafa að þola viðbótarálögur sem orsaka hærri tilkostnað í rekstri t.a.m. vegna leiguhúsnæði og

Til lengri tíma litið munu þessar breytingar hafa veruleg áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja þar sem innlendir kostnaður verður sambærilegur þeim kostnaði er erlendir samkeppnisaðilar þurfa að greiða.

Það er mikilvægt að stjórnámamenn tryggi íslenskum fyrirtækjum þau almennu skilyrði sem nauðsynleg eru til að atvinnulífið hafi það afl sem þarf til að auka hagvöxt og velferð í efnahag okkar.

Árni Sveinbjörn Mathiesen  
Björn Jóhannesson  
Jón Sch. Thorsteinsson